



Borgarráð

Grandagarður 2 - sala á fasteign og byggingarrétt með samkeppnisfyrirkomulagi

Skrifstofa eigna og atvinnuþróunar óskar eftir heimild borgarráðs til þess að auglýsa eignina Grandagarður 2 til sölu ásamt þeim byggingarréttindum sem lóðinni fylgja.

Greinagerð

Reykjavíkurborg festi kaup á húsinu árið 2012. Lokið er framkvæmdum við ytra byrði hússins sem hefur verið gert upp í anda fyrri tíma. Í dag er starfrækt í húsinu Sögusafnið og veitingastaðurinn Matur og Drykkur. Húsið verður selt með núverandi leigusamningum.

Húsið er friðað að ytra byrði. Nýverið var samþykkt nýtt deiliskipulag fyrir lóðina þar sem tækifæri skapast til þess að byggja nýja, áhugaverða starfsemi á lóðinni.

Með hliðsjón af sögulegu mikilvægi hússins og staðsetningar er lagt til að í stað beinnar sölu verði haldin samkeppni þar sem kaupverð mun hafa 50% vægi en matsblað þar sem umsóknir verða metnar eftir ákveðnum þáttum eins og hugmyndafræði, hönnun og samráð við nærumhverfi sem mun hafa 50% vægi.

Virðingarfyllt

Óli Jón Hertervig